

Ríkissaksóknari
06 301

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Ríkissaksóknari
kt. 530175-0229
Suðurlandsbraut 4, 6.hæð

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds. Hann er skipaður af ráðherra ótímabundið og skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Ríkissaksóknara til aðstoðar eru vararíkissaksóknari, sem skal fullnægja sömu lagaskilyrðum og er einnig skipaður ótímabundið, saksóknarar og aðstoðarsaksóknarar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 09 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 320,3 milljónir og afkoma kr. 33,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 41,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 82,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkissaksóknara í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkissaksóknara fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

30. ágúst 2019

Staður, dags.



Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	315.600.000	245.726.868
Framlög og ýmsar tekjur	4	1.900.000	0
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	2.755.012	1.119.621
Tekjur samtals		320.255.012	246.846.489
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	237.001.850	190.101.789
Annar rekstrarkostnaður	6	46.753.120	34.001.209
Afskriftir	7	2.755.012	1.119.621
Gjöld samtals		286.509.982	225.222.619
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		33.745.030	21.623.870
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	8	(12.168)	(3.329)
		(12.168)	(3.329)
Afkoma ársins		33.732.862	21.620.541

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		13.451.347	12.736.193
Aðrar eignir		13.773	18.195
		<u>13.465.120</u>	<u>12.754.388</u>
Fastafjármunir samtals		<u>13.465.120</u>	<u>12.754.388</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	10	66.647.653	31.265.632
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	11	79.403	0
Handbært fé		1.952.143	1.921.202
		<u>68.679.199</u>	<u>33.186.834</u>
Veltufjármunir samtals		<u>68.679.199</u>	<u>33.186.834</u>
Eignir samtals		<u>82.144.319</u>	<u>45.941.222</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		41.541.774	7.808.912
		<u>41.541.774</u>	<u>7.808.912</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	0	806.000
Viðskiptaskuldir	13	9.387.223	1.878.779
Ýmsar skammtímaskuldir	14	19.915.946	22.693.143
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	11.299.376	12.754.388
		<u>40.602.545</u>	<u>38.132.310</u>
Skuldir samtals		<u>40.602.545</u>	<u>38.132.310</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>82.144.319</u>	<u>45.941.222</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		33.732.862	21.620.541
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	2.755.012	1.119.621
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.755.012)	(1.119.621)
		<u>33.732.862</u>	<u>21.620.541</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(79.403)	209.325
Skammtímaskuldir		4.731.247	1.896.382
		<u>4.651.844</u>	<u>2.105.707</u>
		<u>38.384.706</u>	<u>23.726.248</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(3.465.744)	(7.773.132)
		<u>(3.465.744)</u>	<u>(7.773.132)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(36.188.021)	(23.782.554)
Fjárfestingarframlag		1.300.000	7.773.132
		<u>(34.888.021)</u>	<u>(16.009.422)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		30.941	(56.306)
		<u>1.921.202</u>	<u>1.977.508</u>
		<u>1.952.143</u>	<u>1.921.202</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækings endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	316.900.000	253.500.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	(1.300.000)	(7.773.132)
Tekjufærsla fjárveitinga	315.600.000	245.726.868
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.755.012	1.119.621
	<u>318.355.012</u>	<u>246.846.489</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	316.900.000	0	0	316.900.000
Fjárukalög	0	0	0	0
Launbætur	0	0	0	0
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	0	0	0
Fjárveiting til tekna	315.600.000	0	0	315.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(281.867.138)	0	0	(281.867.138)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	33.732.862	0	0	33.732.862

	2018	2017
4 Framlög og ýmsar tekjur		
Kostnaðarhlutdeild	1.900.000	0
	<u>1.900.000</u>	<u>0</u>

5 Laun og launatengd gjöld

Laun	193.861.641	152.742.358
Orlof, breyting	(2.730.993)	1.628.280
Launatengd gjöld	44.452.438	35.024.535
Starfsmannakostnaður	1.418.764	706.616
	<u>237.001.850</u>	<u>190.101.789</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	14,0	12,0

Skýringar

	2018	2017
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	645.071	857.871
Ýmis tæki og áhöld	194.727	365.103
Orkugjafir	237.611	353.146
Matvæli	2.030.546	1.541.237
Almennar rekstrarvörur	242.448	105.261
Vörukaup, almenn	3.350.403	3.223.367
Fundir, námskeið, risna	1.082.548	518.646
Ferðir, uppihald	1.327.484	1.122.965
Akstur	585.587	498.864
Sérfræðiþjónusta	6.828.592	(10.134)
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	32.635	28.448
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	801.686	365.656
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	3.165.983	2.942.606
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	13.824.515	5.467.051
Afnotagjöld	1.367.903	1.622.677
Leigugjöld	15.736.378	14.892.983
Notkun véla og flutningatækja	145.070	26.030
Verkkaup	5.946.907	2.613.315
Kostnaðarhlutdeild	6.381.469	6.139.661
Opinber gjöld	475	16.125
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	29.578.202	25.310.791
Annar rekstrarkostnaður samtals	46.753.120	34.001.209

Skýringar

	2018	2017
7 Afskriftir		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	2.750.590	1.115.199
Aðrar eignir	4.422	4.422
	<u>2.755.012</u>	<u>1.119.621</u>

8 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap

Fjármagnskostnaður	12.168	3.329
	<u>12.168</u>	<u>3.329</u>

31.12.2018 **31.12.2017**

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	13.451.347	12.736.193
Aðrar eignir	13.773	18.195
	<u>13.465.120</u>	<u>12.754.388</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2018	17.428.146	0	44.224	17.472.370
Viðbætur á árinu	3.465.744	0	0	3.465.744
	<u>20.893.890</u>	<u>0</u>	<u>44.224</u>	<u>20.938.114</u>
Afskriftir 1.1.2018	4.691.953	0	26.029	4.717.982
Afskrift ársins	2.750.590	0	4.422	2.755.012
	<u>7.442.543</u>	<u>0</u>	<u>30.451</u>	<u>7.472.994</u>
Staða 31.12.2018	<u>13.451.347</u>	<u>0</u>	<u>13.773</u>	<u>13.465.120</u>

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	45.975.582	10.593.561
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	20.672.071	20.672.071
	<u>66.647.653</u>	<u>31.265.632</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	806.000
	<u>0</u>	<u>806.000</u>

Skýringar

11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	79.403	0
	<u>79.403</u>	<u>0</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2018	31.12.2017
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	7.808.912	(34.483.700)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	20.672.071
Afkoma ársins	<u>33.732.862</u>	<u>21.620.541</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>41.541.774</u>	<u>7.808.912</u>

Áætlað framlag á mótí orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 20,7 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyriræmum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

	31.12.2018	31.12.2017
13 Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	9.387.223	1.878.779
	<u>9.387.223</u>	<u>1.878.779</u>

14 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	19.569.358	22.300.351
Ógreidd laun	0	392.792
Önnur ógreidd gjöld	346.588	0
	<u>19.915.946</u>	<u>22.693.143</u>

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	13.465.120	12.754.388
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	(2.165.744)	0
	<u>11.299.376</u>	<u>12.754.388</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	12.754.388	0	12.754.388
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	0	0
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga		1.300.000	1.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	3.465.744	(3.465.744)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(2.755.012)	0	(2.755.012)
	<u>13.465.120</u>	<u>(2.165.744)</u>	<u>11.299.376</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 3,1 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

Skýringar

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2025 og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 15,9 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 6,9 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Engin óafturkallanleg loforð hafa verið veitt sem gætu haft áhrif á afkomu stofnunarinnar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem gætu haft áhrif á afkomu stofnunarinnar.